

Samningur um endurheimt votlendis á jörðinni **xxxx**

Landgræðslan, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, 851 Hella, annars vegar, hér eftir í samningi þessum nefnd Landgræðslan og **landeigandi, kennitala, og heimili**, hér eftir í samningi þessum nefnd/nefndur landeigandi, gera með sér svohljóðandi samning um endurheimt votlendis í landi jarðarinnar **XXXX**:

1. gr.

Með samningi þessum hafa aðilar ákveðið að eiga með sér samstarf um aðgerðir til að draga úr losun kolefnis með endurheimt votlendis á jörðinni **XXX**, landnúmer **XXX**. Land það sem samningur þessi tekur til er afmarkað á meðfylgjandi gervitunglamynd, sjá fylgiskjal 2. Hið sammingsbundna svæði er um **xx** ha að stærð. Myndin sýnir grófa afmörkun hins sammingsbundna svæðis en hefur enga sjálfstæða þýðingu hvað varðar formleg landamerki eða aðra opinbera skráningu. Á gildistíma sammings þessa er svæðið skilgreint sem endurheimtarsvæði votlendis.

Eftirtalin skjöl fylgja samningi þessum og teljast órjúfanlegur hluti hans:

- 1) Verkáætlun
- 2) Mynd – afmörkun endurheimtarsvæðis

Markmið aðgerða þeirra sem hér er samið um er að endurheimta vistkerfi en þeim mun líklegast og fylgja einhverjir af eftirfarandi þáttum; bætt vatnsmiðlun, aukinn líffræðilegur fjölbreytileiki, bætt lífsskilyrði vaðfugla, samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda o.fl.

2. gr.

Landgræðslan og starfsmenn á hennar vegum hafa umsjón með verklegum framkvæmdum varðandi endurheimt votlendis á landssvæðinu. Landgræðslunni er heimilt að ráða verktaka til að annast verklegar framkvæmdir í tengslum við verkefnið eftir því sem þörf er á.

Landgræðslan mun framkvæma mælingar og e.a. aðrar rannsóknir á svæðinu fyrir og eftir verklegar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og fram koma í verkáætlun, sjá fylgiskjal 1. Mælingar þessar eru til þess fallnar að sýna fram á árangur verkefnisins, meðal annars með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda.

Starfsmenn Landgræðslunnar, eða aðilar sem hún fær til verksins, skulu hafa aðgang að hinu sammingsbundna landsvæði á samningstímanum til eftirlits og/eða mælinga.

Verkið skal framkvæmt í samræmi við verkáætlun, sjá fylgiskjal 1. Heimild er til að víkja frá verkáætlun ef aðstæður á vettvangi gefa tilefni til með skriflegu samkomulagi aðila sammings þessa. Í verkáætlun skal koma fram eftir því sem við getur átt lýsing á verkefninu í heild og einstökum verkþáttum þess, verkáfangar, verktími, verklok og nöfn tengiliða vegna verkefnis þessa.

Landgræðslan greiðir kostnað við framkvæmd endurheimtar í samræmi við samning þennan og fylgiskjöl hans.

Forsenda þess að ráðist verið í endurheimt votlendis í samræmi við samning þennan er að ásættanlegt tilboð fáiast í verkið að mati Landgræðslunnar.

3. gr.

Óheimilt er að ræsa fram það votlendi sem samningur þessi tekur til og endurheimt verður á grundvelli hans í a.m.k. 20 ár frá undirritun. Skal takmörkun þessi á umráðarétti landeiganda yfir jörðinni gilda óháð eigendaskiptum að jörðinni og óháð breyttum landnotum.

Landeigandi ábyrgist að samningur þessi brjóti ekki í bága við nein réttindi þriðja aðila.

Brjóti landeigandi gegn samningsskuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum skal Landgræðslan eiga rétt á endurgreiðslu frá landeiganda á útlögðum kostnaði vegna verklegar framkvæmdar, þó að hámarki kr. 5.000.000 m.vsk. Þetta á t.d. við ef landeigandi, á samningstímanum, þurrkar upp það votlendi sem endurheimt hefur verið – að hluta til eða að öllu leyti.

Landeigandi hefur á samningstímanum öll umráð hins samningsbundna svæðis og er honum þar heimil önnur nýting þess en fram kemur í 1. mgr. greinar þessarar, s.s. beit, útivist, veiði, jarðhitavinnsla o.fl., , enda hafi sú nýting ekki umtalsverð áhrif á árangur endurheimtarinnar.

Þegar votlendi hefur verið endurheimt gilda um það ákvæði samnings þessa, sem og ákvæði laga er taka til votlendis á hverjum tíma, s.s. ákvæði laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

4. gr.

Skili fyrirhuguðu framkvæmd ekki tilætluðum árangri eða talin er þörf á frekari aðgerðum til að ná því markmiði sem að er stefnt, skal samið um það sérstaklega.

Ekki er gert ráð fyrir að aðilar hafi beinan fjárhagslegan ávinning af verkefninu vegna framseljanlegra losunarheimilda fyrir gróðurhúsalofttegundir. Komi síðar í ljós að hægt sé að njóta fjárhagslegs ávinnings af verkefninu á grundvelli slíkra losunarheimilda skal slíkur ávinningur skiptast, á gildistíma samnings þessa, að jöfnu á milli aðila samnings þessa.

5. gr.

Samningsaðilum er heimilt að kynna opinberlega verkefnið og aðkomu sína og niðurstöður rannsókna/mælinga, meðal annars með sýningu á ljósmyndum af hinu samningsbundna svæði, eða

með öðrum þeim hætti sem þessir aðilar telja æskilegt og/eða heppilegt, án þess að afla þurfi samþykkis landeiganda og án sérstaks endurgjalds.

Kjósi landeigandi að kynna verkefnið og/eða árangur af því, t.d. með skiltum, bæklingum, auglýsingum, á vefsíðum, eða með öðrum hætti skal þess ávallt getið að verkefnið sé unnið í samstarfi við Landgræðsluna.

6. gr.

Samningur þessi gildir í full 20 ár frá undirritun. Á samningstímanum er samningurinn ekki uppsegjanlegur en um vanefndir og afleiðingar þeirra, þ.m.t. riftun, fer eftir almennum reglum kröfuréttar.

Að lokinni hinni samningsbundnu endurheimt votlendis á svæðinu, sbr. verkáætlun í fylgiskjali 1 – og e.a. breytingar á framkvæmdinni, sbr. 1. mgr. 4. gr., hefur landeigandi alla umsjón með svæðinu og fer með umhirðu þess og nýtingu sem skal vera sjálfbær skv. 9. gr. laga nr. 155/2018 um landgræðslu.

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Komi upp ágreiningur milli aðila um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skal mál vegna slíks ágreinings rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Gunnarsholti _____ 2020

Landeigandi

F.h. Landgræðslunnar

Vitundarvottar:

Nafn _____ kennitala _____

Nafn _____ kennitala _____

Fylgiskjal I: Verkáætlun

Fylgiskjal II: Mynd – afmörkun endurheimtarsvæðis